

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 5. TBL.

18. SEPTEMBER 2009

Námskeiðahald haustannar kynnt í næstu viku

Í næstu viku kemur út kynningarbæklingur um námskeið Skólaskrifstofunnar á haustönn 2009. Formlega hefst námskeiðahaldið mánudaginn 5. október þótt sum námskeiðin séu þegar yfirstaðin (og áður þá auglýst sér). Skólaskrifstofan fékk tæpar tvær milljónir til námskeiðahaldsins eða rétt um eina og hálf milljón í almenn námskeið ef tekið er frá það fjármagn sem sérstaklega er veitt til námskeiðahalds á vegum PMT-FOR-ELDRAFÆRNI. Einstök námskeið sem eru skipulögð eiga að falla undir sex þema en þau eru í ár:

1. Atferlismótandi uppeldisaðgerðir til agastjórnunar PMT/SMT skólafærni.

2. Einhverfultrófið í skólastarfi án aðgreiningar.
3. Hollusta, hagsýni og heilsuefling í verk- og listgreinum.
4. Fríhugbúnaður til skólaþróunar.
5. Byrjendalæsi og lestrarþjálfun.
6. Mannréttindi og lýðræði í skólastarfi.

Hverju námskeiðspema geta fylgt mismörg námskeið og ræðst það bæði af fjármagni sem úthlutað var og hve stór einstök námskeið eru. Þá verður hluti námskeiðanna á vorönn 2010. Þegar námskeiðsbæklingur hefur verið sendur út til kennara (í tölvupósti) hefst skráningur.



Vel heppnuð smiðja í leikfangagerð

Í dag var haldin námsmiðja um leik og leikfangagerð á vegum skólaskrifstofanna í Garðabæ og Hafnarfirði auk Hönnunarsafns Íslands og Hafnarborgar, listamiðstöðvar Hafnarfjarðar. Fjöldi manns, mest kennarar úr leik- og grunnskólum af höfuðborgarsvæðar, sótti námsmiðjuna. Fyrirlesarinn, Sudarshan Khanna, vakti athygli fyrir skemmtilega nálgun að viðfangsefni smiðjunnar, þ.e. hvernig hann nálgast kennslufræðilega þá hugmynd að börn búi til leikföng úr einföldu hráefni, m.a. sem lið í endurvinnslu. Í smiðjuvinnu æfðu kenn-

arar sig og bjuggu til leikföng undir leiðsögn Khanna. Gefur tilefni til nýrrar og skapandi hugsunar á óvissutímum.

Það er Sigurborg



Kristjánsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla, sem undirbjó hana fyrir hönd Skólaskrifstofunnar.

Myndirnar hér eru frá smiðjunni fyrr í dag og ein á bakhliðinni.



Skólaþróun



FRÉTTIR

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Menntamálaráðuneytið auglýsir lausa til umsóknar styrki til stuðnings dönskukennslu og er umsóknarfrestur til 14. október. Einstaka grunnskólar geta sótt um styrki í eigin verkefni í samræmi við reglur sjóðsins. Sjá nánar vefslóð: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Auglysingar/allar/nr/5081>.

» **Frá Námsgagnastofnun: Fallorðaspilið** er nýtt spil og er ætlað að æfa börn í beygingu íslenskra fallorða, einkum nafnorða, en einnig fornafna og lýsingarorða. Það er ætlað börnum með seinan málþroska eða málröskun á yngsta stigi grunnskólans. Fallorðaspilið nýtist einnig börnum sem læra íslensku sem annað mál og geta þurft á tímabundnum stuðningi að halda. **Láki Máni og Þjófahyskið** er smábók í 5. þyngdarflokki samkvæmt flokkun Námsgagnastofnunar. Höfundur er Kristín Helga Gunnarsdóttir en Halldór Baldurson teiknaði myndirnar. Smábækur Námsgagnastofnunar eru ætlaðar börnum sem eru að æfa lestur. Komin er á vefinn 2. útgafa af **Heimilisfræði - uppskriftir fyrir unglिंगastig**, eftir Áslaugu Traustadóttur og er útprentanleg á pdf-sniði. **Bókakista** er ætluð til notkunar í yngstu bekkjum grunnskólans, þ.e. í 1.-4. bekk, og ætluð til að efla lestraráhuga og sjálfstæðan lestur nemenda. Nemendur velja sjálfir, eða í samráði við kennara, lestrarbók úr kistunni (kennarar velja smábækur eða annað lestrarefni í kassa) og verkefni sem sótt eru af vef Námsgagnastofnunar af síðunni Íslenska í **1.-4. bekk - veforg**. Efnið byggist upp á 16 spjöldum með mismunandi verkefnum en hvert verkefni hefur tvö þyngdarstig.



Norræn ráðstefna um sáttamiðlun í Reykjavík



Símenntun



Heimilisfræðikennsla í Hvaleyarskóla fyrir í haust.

Dagana 1.-3. október verður í Reykjavík haldin umfangsmikil norræn ráðstefna um sáttamiðlun. Ráðstefnan tekur á ýmsum þeim um sáttamiðlun, s.s. um sáttamiðlun í skólum þótt ýmis fleiri svið sáttamiðlunar verði rætt, s.s. fyrir dómi og í fjölskyldum.

Ráðstefnan er haldin á vegum norrænna samtaka um sáttamiðlun. Verð er kr. 39.000 þar sem matarkostnaður er innifalinn og fer skráning fram í gegnum neðangreinda vefslóð.

Ráðstefnan fer fram á ýmsum Norðurlandamálum og ensku. Hægt er að velja á milli tungumála til að hlýða á erindi (en þau eru ekki túlkuð) þar sem sum erindi fara fram í málstofum og því er mögulegt að velja á milli tungumála með ólík erindi.

Fróðleg og forvitnileg ráðstefna með óvenjulegum tækifæri um áhugavert viðfangsefni til að kynna sér núna þar ráðstefnan fer fram á bæjarhlaðinu hjá okkur.




VEFSLÓÐ: <http://itsecuresite.com/NFM> og <http://www.satt.is/>

Deildu tölvuhönnun og fáðu aðra gefna



Vefhornið

Vefurinn er stöðugt að breytast og enginn veit í raun hver þróun hans verður. Þó tel ég að ætla megi að hann þróst í samræmi við félagslegar þarfir í samfélagi á hverjum tíma - sem reyndar skýrir tilurð hans í upphafi. Þannig verður stöðugt vinsælla að nota vefinn til að miðla efni, gefa eigið hugverk og leyfa öðrum að njóta—án þess að



misnota höfundarétt. Þannig verða til vefsvæði sem miðla afmörkuðum verkefnum, þ.e. byggjast á því að gefa og þiggja, Dæmi um það er

Openprocessing, þ.e. miðlun á hugbúnaðarverkum (sjá sýnihorn hér ofar). Samvinna er lykill að þróun og miðlun nýrra hugmynda.

VEFSLÓÐ: <http://www.openprocessing.org/>

Tilkynning vikunnar

Fagfundir kennara í grunnskólum Hafnarfjarðar verða í Setbergsskóla mánudaginn 28. september kl. 14.30-16 í Setbergsskóla. Þangað eru allir kennarar boðaðir en kennslu lýkur upp úr kl. 14 í hverjum skóla (ákvörðun á hverjum stað). Nánar kynnt í næsta blaði.

Næsta blað Skólavefritsins er væntanlegt föstudaginn 25. september 2009